

Ed.

81. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 66 8. sept. 1931, um hafnargerð á Dalvík.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar á Dalvík veitist úr ríkissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum, allt að kr. 480000.00 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur — gegn $\frac{3}{5}$ frá hafnarsjóði Dalvíkur. Með framlagi ríkissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar á fjárlögum.

2. gr.

Upphaf 2. gr. laganna skal orða svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 720000.00 — sjö hundruð og tuttugu þúsund króna — lán.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn kosnir af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps. Skulu þeir kosnir í hvert sinn að aflöknum hreppsnefndarkosningum, í fyrsta sinn þegar eftir gildistöku þessara laga. Gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar.

Greinargerð.

Með hafnarlögum fyrir Dalvík frá 8. sept. 1931 var gert ráð fyrir mannvirkjum, sem samkv. áætlun vitamálaskrifstofunnar mundu kosta kr. 375000.00. En þegar loks var hafizt handa um framkvæmdir árið 1939, var áætlunin að byggja 300 m langan hafnargarð ásamt uppfyllingu og sérstakri bryggju, er mundi kosta samtals rúmlega kr. 500000.00 samkv. áætlun vitamálaskrifstofunnar, og hafa framlög og ábyrgðir síðan miðast við þær áætlanir. Á árinu 1940 var horfið að því ráði að byggja bryggju meðfram innri hlið garðsins jafnframt garðinum sjálfum, án þess að kostnaðaráætlun lægi fyrir um það verk, enda verðlag þá, sem og enn, í mikilli óvissu. Á komandi hausti verður 187 m langur hafnargarður fullgerður ásamt 116 m langri bryggju meðfram garðinum framanverðum, og er hvort tveggja þá komið út á $4\frac{1}{2}$ m dýpi miðað við stórstraumsfjöru.

Kostnaður við þetta verk mun þá orðinn eitthvað á 7. hundrað þúsund krónur. Stafar hækkunin af hvoru tveggja, hækkuðu verðlagi og bryggjukostnaðinum. Það mun vera ógerningur að gera örugga áætlun um kostnað á því verki, sem eftir er, eins og verðlag allt er miklum breytingum háð nú, enda óákveðið um möguleika á áframhaldi verksins á næsta sumri. En telja má þær heimildarupphæðir, sem farið er fram á í frumvarpinu, sízt of háar, þótt verðlag kæmist í meira jafnvægi en nú er, þar sem enn er eftir rúmlega $\frac{1}{3}$ af lengd garðsins, og er það vitanlega dýrasti hluti hans.

Í frumvarpinu er farið fram á breytingu á hlutfallslegri ábyrgð ríkissjóðs af heildarkostnaði verksins, og er það aðeins í samræmi við flest gildandi hafnarlög landsins. Sömu leiðis er farið fram á venjulegra og, að áliti flm., heppilegra fyrirkomulag með kosningu hafnarnefndar.